

Stjórnarfundur nr. 13, þann 3. nóvember 2010 kl. 20:30
Haldinn í nýju félagsheimili Keflavíkur í Toyotahöllinni.

Mættir: Sigurbjörg, Helga, Anthony, Sigurþór, Hjördís, Falur, Ásta, Júlíus, Harpa og Friðrik. Elsie, Edda, Herdís, Guðmundur, Lúðvík og Halli boðuðu forföll.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Þjálfarafundir og staða í öllum hópum.

Anthony hefur fundað með þjálfurum og þar var farið yfir fjölda í hópum. Einnig var farið yfir kröfur í hópunum og hvað sundmenn eiga að vera að gefa á æfingum. Verið að þróa útgáfu af Ofurhuga fyrir yngri sundmenn. Sundmenn hafa verið að færast á milli hópa. Það hefur verið vandamál að leysa forföll þjálfara. Farið yfir Ofurhuga og XLR8 með þjálfurunum.

3. ÍM25

Fólk hvatt til að skrá sig til starfa á mótinu. Búið er að manna matarmálin og fararstjórnina. Stjórnirnar borga í lokahófið fyrir 3 þjálfara, fararstjóra og þá stjórnarmeðlimi sem vilja fara.

4. Metamót og Jólamót ÍRB

Tveggjaliða mót með Breiðablik 17. nóvember frá kl. 18-20. 17:45 lýkur báðum æfingum. Byrjum á upphitun í 20 mín og hefjum mótið kl.18:30.

Jólamót fyrir yngri sundmenn 8. desember frá 18:00 til 20:00

Mót fyrir eldri sundmenn í lengri sundum. Haldin á æfingartímum 4. des og 11. des. Höfum gaman að hafa gleði á eftir einu af þessum mótum fyrir sundmenn og foreldra.

Metamót í 5 stuttum hlutum. Þannig fá sundmenn tækifæri til að synda í nokkrum greinum. Markmiðið er að setja ÍRB, UMFN, Keflavík og Íslandsmet. 3 hlutar í 50m laug og 2 hlutar í 25m laug. Þetta mót verður helgina 26. – 28. nóvember.

5. Felix

Friðrik og Anthony hafa farið vel yfir Felix og hann er vel uppfærður. Friðrik fær hrós fyrir sína vinnu.

6. Samningur við Speedo 2009-10 og 2011-12

Fáum styrk til að kaupa fatnað fyrir þjálfara og teygjur fyrir sundæfingar. Listi um sundmenn hefur verið sendur til Speedo.

7. Niðurstöður íþróttamælinga og matardagbækur

Niðurstöður íþróttamælinga voru góðar og miklar framfarir frá síðustu mælingu. Sundmenn hafa þarna nýja leið til að sjá árangur æfinga og framfarir. Fundurinn með Klemenz var frestað.

8. Þyngdar- og fituprósentumælingar

Tilgangur þessara mælinga var ekki nógu skýr í upphafi. Haldnir hafa verið upplýsingafundir með foreldrum varðandi þessar mælingar. Anthony útskýrði tilgang þessara mælinga og hvernig við þurfum að fræða sundmennina um tilganginn með þessum mælingum. Hann hefur

tekið saman bréf sem sent verður heim foreldrum til upplýsinga. Sundmenn höfðu val um að mæta í seinni mælinguna og allir kusu að taka þátt. Einnig eru sundmenn jákvæðari í garð þessara mælinga núna.

9. Æfingartímar hjá Afrekshóp og nýr hópur

Rætt um nýjan hóp sem verður bætt við. Þessi hópur verður fyrir þá sem vilja æfa sund án þess að mæta eins mikið og þeir sundmenn sem eru í Framtíðar- og Afrekshópi. Einnig hafa sundmenn þá möguleika á að færast á milli hópa. Þetta verður auglýst meðal eldri sundmanna. Gjald fyrir þennan nýja hóp verður kr. 8000. Hópurinn byrjar þriðjudaginn eftir ÍM25. Farið yfir þær breytingar sem gera á æfingartöflunum og bæta við hópum í laugunum.

10. Heimasíður félaganna

Sigurbjörg og Harpa fóru yfir heimasíðurnar. Líta vel út og miklar breytingar hafa verið gerðar á síðuna sem hafa heppnast vel.

11. Verðlaun á Sparisjóðsmótinu 2011

Ræddum að breyta riðlaverðlaunum og hafa þetta á persónulegum grundvelli. Til dæmis að hafa verðlaun fyrir bætingar á persónulegum tímum en ekki riðlaverðlaun. Sundmenn gætu safnað miðum ef þeir bæta tímuna sína og fengið mismunandi verðlaun fyrir mismunandi fjölda miða.

12. Önnur mál

- a) ÍRB fékk hrós frá Fjölnismönnum vegna þess að sundmenn biðu eftir verðlaunaafhendingu mótinu þeirra.
- b) Stungugjöldin. Ef sundmaður mætir ekki á mót án þess að láta vita þurfa foreldrar að borga stungugjöldin. Þurfum að kynna þetta fyrir foreldrum.
- c) Nudd á ÍM25. Anthony hefur haft samband við Evu beðið hana um að koma og hafa tíma í boði fyrir þá sem vilja nudd.
- d) Rætt um að kaupa plöstanarvél og útbúa aðildarkort fyrir næsta tímabil.
- e) Mikilvægt að þjálfarar láti vita um viðburði bæði með miðum, pósti eða á heimasíðunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:50